

Aðalfundur og rafrænt stjórnarkjör Lífsverks lífeyrissjóðs

Engjateigi 9 – Reykjavík – þriðjudaginn 25. apríl kl. 17.00

Rafrænt stjórnarkjör 14. til 21. apríl

Rafrænt stjórnarkjör fer fram á vef sjóðfélaga á www.lifsverk.is dagana 14. – 21. apríl. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal kjósa um tvö laus stjórnarsæti, karls og konu, til þriggja ára. Margrét Arnardóttir, núverandi stjórnarmaður, sóttist eftir endurkjöri og er hún sjálfkjörin í stjórn. Kjósa þarf um stjórnarsæti karls.

Í framboði eru Agni Ásgeirsson, Bergur Ebba Benediktsson og Þorbergur Steinn Leifsson. Kynningar frambjóðenda eru á vefsvæði sjóðsins. Allir sjóðfélagar njóta kosningaréttar og á það einnig við um elli- og örorkulífeyrisþega. Eru sjóðfélagar hvattir til að nýta kosningarétt sinn.

Dagskrá fundar:

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Önnur mál, löglega upp borin

Ávöxtun 2022:

	Hrein nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Samtryggingardeild	-1,0%	-9,5%
Lífsverk 1	-9,9%	-17,6%
Lífsverk 2	-6,6%	-14,6%
Lífsverk 3	0,8%	-7,8%

Engjateigur 9 105 Reykjavík
www.lifsverk.is

Um Lífsverk lífeyrissjóð:

Lífsverk er opinn lífeyrissjóður fyrir háskólamenntaða en allir geta greitt til séreignardeilda sjóðsins. Sérstaða sjóðsins er m.a.

- Sjóðfélagalýðræði
- Góð réttindaávinnsla
- Rafrænt stjórnarkjör
- Hagstæð sjóðfélagalán

Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2023 var samtals 151,5 milljarðar kr. og hækkaði um 2,0 milljarða kr. á árinu. Hrein eign í samtryggingardeild var 122,2 milljarðar kr. og hækkaði um 1,6 milljarða kr. á árinu. Heildartryggingarfræðileg staða samtryggingardeildar var neikvæð um 4,6%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar er jákvæð um 4,1% sl. 5 ár og 4,5% sl. 10 ár.

Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar

